

## Viðmiðunarreglur varðandi ferðir barna úr leikskólum í þjálfun

1. Börn í leikskólum Hafnarfjarðar sem þurfa á sérstakri þjálfun að halda á leikskólaskólatíma þurfa almennt að sækja þá þjálfun til viðeigandi þjálfunaraðila. Er þá átt við sjúkrapjálfun (þar með talin sundþjálfun), iðjuþjálfun og talþjálfun. Áhersla er lögð á góða samvinnu við þjálfunaraðila og að þjálfun barna fari fram í leikskólum eins og unnt er.
2. Börn sem fá stuðning úr 1. og 2. fötlunarflokki og þurfa á þjálfun að halda vegna fötlunar sinnar geta fengið fylgd stuðningsaðila einu sinni í viku til og frá þjálfunaraðila. Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra þ.e. foreldrar sjái einnig um að fara með barnið í þjálfun.
3. Stuðningsaðili fylgir barni í þjálfun, klæðir það og undirbýr fyrir þjálfun. Hann fylgist með þjálfun, fær ráðgjöf og leiðsögn frá þjálfunaraðila. Starfsfólk leikskóla er ekki þjálfunaraðili og sinnir því ekki þjálfun. Það fer því t.d. ekki ofan í sundlaug með barninu.
4. Starfsfólki er með öllu óheimilt að fara með barn af leikskóla í einkabílum. Fræðsluþjónusta greiðir ekki fyri ferðir barns í þjálfun en hægt er asækja um til ferðaþjónustu fatlaðra. Einnig geta foreldrar greitt leigubifreið fyrir barn og starfsmann leikskóla til og frá þjálfun.
5. Fræðsluþjónusta áskilur sér rétt til að skoða hvert tilfalli fyrri sig.

Samþykkt í fræðsluráði 11. ágúst 2014.